Ár 1975, þriðjudaginn 8. júlí, var í málinu nr. 8/1975 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að í aðalmati fasteigna var tekin til fasteignamats 7703 ferm. lóð (staðgr. 9998-7000) í eigu Landshafnarinnar í Þorlákshöfn. Leigutaki var þá talinn ríkisábyrgðasjóður og jafnframt í eigu sjóðsins mannvirki á lóðinni, síldarverksmiðjuhús og síldarþrær. Var síldarverksmiðjuhúsið metið á kr. 30.504.000,- og síldarþrærnar á kr. 8.560.000,-.

Samkvæmt mati millimatsmanns frá 30. nóvember 1974, voru þá orðin eigandaskipti að umræddri fasteign, þar sem Meitillinn h/f var orðinn leigutaki lóðar og eigandi mannvirkja. Var lóð jafnframt endurmetin, þar sem hún hafði verið stækkuð, og auk þess tekin í mat hráefnisgeymsla, sem metin var sem nýr matshluti (03) og á kr. 1.455.000,-.

Með bréfi frá 27. febrúar 1975, var af hálfu Meitilsins h/f kært til Yfirfasteignamatsnefndar mat á síldarverksmiðjuhúsi og síldarþróm. Telja verður, að samkvæmt 2. tl. 21. gr. laga nr. 28/1963 séu skilyrði fyrir hendi til endurskoðunar á mati fasteignarinnar. Að tilhlutan Yfirfasteignamatsnefndar hefur farið fram athugun á ásigkomulagi mannvirkja og öðrum atriðum, sem máli skipta. Rétt þykir að taka til mats í einu lagi matshluta 01 og 03 samkvæmt fyrri mötum og auk þess tvo lýsisgeyma, sem eru á lóðinni. Samkvæmt því telst fasteignamat umræddra mannvirkja hæfilega ákveðið þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Matshluti | 01 | Síldarverksmiðjuhús | Kr. | 10.774.000,- |
| " | 02 | Síldarþrær | " | 6.990.000,- |
| " | 03 | Lýsistankur | " | 1.208.000,- |
| " | 04 | Lýsistankur | " | 310.000,- |

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Fasteignamatsverð ofangreindrar fasteignar (nr. 9998-7000) í eigu Meitilsins h/f í Þorlákshöfn, skal breytt á þann hátt sem að framan greinir.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Magnús Thoroddsen